

T I L L A G A

að starfsreglum um breyting á starfsreglum um
val og veitingu prestsembætta nr. 144/2016
(Lagt fyrir 53. kirkjuþing 2016).

Flutt af biskupi Íslands
Frsm. Agnes M. Sigurðardóttir

1. gr.

1. mgr. 2. gr. orðist svo:

Þegar prestakall losnar skal kjörnefnd skv. 7. gr. taka afstöðu til þess, í leynilegri atkvæðagreiðslu, hvort hún hyggst nýta þjónustu matsnefndar skv. 5. og 6. gr. Matsnefnd tekur til starfa nema því aðeins að kjörnefnd greiði mótatkvæðalaust, atkvæði um að óska ekki eftir þjónustu hennar.

2. gr.

2. mgr. 5. gr. fellur brott.

3. gr.

16. mgr. 6. gr. orðist svo:

Að fenginni endanlegri niðurstöðu matsnefndarinnar sendir biskup kjörnefnd umsóknargögn sbr. 8. gr.

4. gr.

1. mgr. 7. gr. starfsreglnanna orðist svo:

■Kjörnefnd prestakalls er skipuð sem hér segir:

1. Þar sem ein sókn myndar prestakall mynda aðal- og varamenn sóknarnefndar kjörnefnd prestakallsins.
2. Þar sem fleiri en ein sókn er í prestakalli mynda aðeins aðalmenn sóknarnefnda kjörnefnd prestakallsins. Í forföllum aðalmanns tekur varamaður í sóknarnefnd sæti eftir þeirri röð sem kosin var.
3. Nú eru sóknarmenn 3000 eða fleiri í sókn í prestakalli þar sem fleiri en ein sókn er, en fjöldi sóknarnefndarmanna er fimm eða sjö og skal þá sú sókn hafa níu fulltrúa í kjörnefnd. Skulu þeir fulltrúar vera allir aðalmenn í sóknarnefnd og auk þess fjórir eða tveir varamenn í sóknarnefnd sem taka sæti í kjörnefnd þeirri röð sem þeir voru kosnir til. Í forföllum aðalmanns í kjörnefnd taka þeir varamenn sem eftir standa sæti aðalmanns í kjörnefnd, í þeirri röð sem þeir voru kosnir til.
4. Nú er prestakall myndað af sókn eða sóknum þar sem sóknarmenn eru færri en 300 en einnig eru þar ein eða fleiri fjölmennari sóknir, þar sem sóknarmenn eru allt að 2990. Skulu þá aðalmenn í sóknarnefnd eða sóknarnefndum sókna þar sem 300 eða fleiri sóknarmenn eru, vera fulltrúar í kjörnefnd prestakallsins. Formaður sóknarnefndar þar sem færri en 300

sóknarmenn eru, skal vera einn fulltrúi þeirrar sóknar í kjörnefnd. Varaformaður tekur sæti í forföllum hans, en ella næsti varamaður hans.

5. Í prestaköllum þar sem sex eða fleiri sóknir eru, en sóknarmenn hvefrrar sóknar eru færri en 300 skulu formenn sóknarnefnda vera fulltrúar sóknar í kjörnefnd. Varaformaður tekur sæti í forföllum formanns, en ella næsti varamaður hans.

Sóknir þar sem færri en 6 sóknarmenn búa eiga ekki fulltrúa í kjörnefnd.

5. gr.

3. mgr. 8. gr. orðist svo:

Hafi niðurstaða kjörnefndar verið sú að óska ekki eftir þjónustu matsnefndar, sbr. 2. gr., metur kjörnefnd hæfi umsækjenda og velur þá umsækjendur sem hún boðar til viðtals.

6. gr.

■ Starfsreglur þessar sem settar eru skv. heimild í 59. gr. laga um stöðu stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við tillögur þessar

Biskup Íslands hefur unnið að innleiðingu starfsreglna um val og veitingu nr. 144/2016 frá því þær voru samþykktar í núverandi mynd á fundi kirkjuþings 2015 í apríl 2016. M.a. hafa verið samdar leiðbeinandi reglur fyrir kjörnefndir, umsækjendur og matsnefnd um hæfni til prestsembættis og teknar saman upplýsingar um fjölda kjörmannanna hvefrrar sóknar í kjörnefnd prestakalls. Allar þessar heimildir eru aðgengilega á vef kirkjunnar. Byggt á þeirri reynslu sem fengist hefur telur biskup rétt að breyta tilteknum atriðum í starfsreglunum til einföldunar og til að stuðla að skilvirkari og betri stjórnsýslu. Matsnefnd um hæfni til prestsembættis hefur fjallað um umsækjendur í einu tilviki á tímabilinu af þeim fjórum þar sem reynt hefur á starfsreglurnar við val í prestaköllum, þ.e. við veitingu prestsembættis í Grafarvogsprestakalli, Reykjavíkurprófastsdæmi eystra. Í öðrum tilvikum þar sem prestsembætti hafa verið auglýst hafa kjörnefndir prestakalla kosið að þiggja ekki þjónustu matsnefndarinnar. Þau tilvik eru veiting embættis sóknarprestis í Laugarnesprestakalli, Reykjavíkurprófastsdæmi vestra, veiting embættis prestis í Vestmannaeyjaprestakalli og embættis prestis í 50% starfshlutfalli í Bjarnanessprestakalli, en síðarnefndu prestaköllin eru í Suðurprófastsdæmi. Borið hefur á óánægju með það að atbeini matsnefndar geti verið valkvæður með þeim hætti sem starfsreglurnar kveða á um. Biskup telur, í ljósi þess að kirkjuþing tók um þetta fyrirkomulag lýðræðislega og upplýsta ákvörðun fyrir ári síðan, að undangengnum miklum umræðum, ekki rétt að fara að hrófla við því nú. Hins vegar er gerð tillaga um að ákvörðun um það hvort matsnefnd starfar eða starfar ekki, skuli tekin í leynilegri atkvæðagreiðslu. Það kann að auðvelda þeim sem vill að matsnefnd starfi að lýsa þeirri skoðun sinni með þeim hætti heldur en að lenda eftir atvikum í andstöðu við aðra í kjörnefnd sem eru annarra skoðunar. Þá leggur biskup til að ákvæði um áheyrnarfulltrúa falli brott. Ekki hafa verið færð fram rök fyrir því fyrirkomulagi að á fundum matsnefndar skuli vera áheyrnarfulltrúar. Sérstaklega er litið til þess að áheyrnarfulltrúar eru bundnir þagnarskyldu um allt sem fram fer á fundum matsnefndar svo erfitt er að sjá gagnsemi þessa. Þá er óeðlilegt að einn fulltrúi í kjörnefnd prestakalls geti verið áheyrnarfulltrúi, gagnvart hinum fulltrúunum í kjörnefndinni. Til að stytta málsmeðferðartíma við val og veitingu er lagt til að kærheimild umsækjenda vegna

málsmeðferðar matsnefndar falli brott. Umsækjendur geta eftir sem áður sent biskupi erindi að loknum störfum matsnefndar og bent á annmarka í málsmeðferð. Biskup getur ákveðið að skipa ekki í embætti og auglýsa að nýju, telji hann slíka annmarka vera á málsmeðferð matsnefndarinnar. Biskup telur þörf á að einfalda til muna regluverk um hvernig kjörnefndir eru skipaðar. Mikill munur er á mannfjölda í sóknum svo og fjölda sókna í prestakalli. Gerir það erfitt um vik að setja samræmdar reglur um skipan kjörnefnda þar sem annars vegar sé tekið tillit til mannfjölda hvað varðar atkvæðavægi í kjörnefnd en hins vegar að allar sóknir skuli eiga fulltrúa í kjörnefnd. Er slíkt ógerlegt að óbreyttu skipulagi. Í reynd virðist sem fulltrúar í sóknarnefndum séu kosnir í kjörnefndir í flestum tilvikum sem vitað er um. Biskup er þeirrar skoðunar að reglur um kjörnefndir eigi að byggjast á eftirgreindum sjónarmiðum:

1. Að sóknarnefndir séu grunnur að kjörnefnd prestakalls. Sóknarnefndir fara með öll önnur trúnaðarstörf á vegum sóknar og er óeðlilegt að sú tenging sé rofin í því þýðingarmikla hlutverki sem kjörnefndum er falið með því að kosin sé sérstaklega kjörnefnd á safnaðarfundi, sem ekki tengist sóknarnefnd formlega.

2. Mjög mikilvægt er að regluverk sé eins einfalt og kostur er. Með því að kjörnefndir verða skipaðar með þeim hætti sem lagður er til hér þarf ekki að kjósa á fjögurra ára fresti á aðalsafnaðarfundum allra sókna landsins. Þá hefur breyting á sókna- og prestakallaskipan ekki það í för með sér að kjósa þurfi kjörnefnd upp á nýtt í prestaköllum. Alltaf er eitthvað um breytingar á skipan sóknarnefnda, t.d. þegar fólk flytur, eða lætur af trúnaðarstörfum af öðrum ástæðum, auk þess sem kosið er um hluta sóknarnefnda á tveggja ára fresti. Það getur leitt af sér að forsendur fyrir því að velja tiltekinn einstakling í kjörnefnd bresta. Það er mikil vinna að fylgjast með því að ávallt séu löglega skipaðar kjörnefndir við slíkar sýbreytilegar aðstæður.

3. Fjöldi í kjörnefnd má ekki vera úr hófi fram.

4. Sókn verði að hafa þann lágmarksíbúafjölda að unnt sé að kjósa aðal- og varamenn í sóknarnefnd.

5. Að sanngirni sé gætt í atkvæðavægi sókna eins og kostur er hvað varðar fjölda sóknarmanna í hverri sókn.

Sú tillaga sem hér er lögð fram er byggð á framangreindum sjónarmiðum.

Um einstök ákvæði

Um 1. gr.

Lagt er til að ákvörðun kjörnefndar prestakalls um hvort matsnefnd starfi eða starfi ekki við valferlið sé tekin með sama hætti og við kosningu milli umsækjenda um laus prestsembætti í prestaköllum, þ.e. í leynilegri, skriflegri kosningu. Er lagt til að sama regla gildi áfram og er í dag þannig að til að matsnefnd starfi ekki þarf atkvæðagreiðsla í þá átt að vera án mótaskvæða. Það þýðir að eitt atkvæði greitt með því að matsnefnd starfi, dugur til þess að matsnefnd tekur til starfa. Auður eða ógildur atkvæðaseðill skiptir hins vegar ekki máli.

Um 2. gr.

Lagt er til að ákvæði um að Prestafélag Íslands og kjörnefndir geti tilnefnt áheyrnarfulltrúa til setu á fundum nefndarinnar falli brott. Tilgangur þessa og hlutverk áheyrnarfulltrúa er óljóst og er flutningsmaður þeirrar skoðunar að þetta kunnir að geta haft hamlandi áhrif á störf matsnefndar.

Um 3. gr.

Lagt er til að brott falli sjálfstæður kæruréttur umsækjenda inni í miðju valferlinu hvað varðar málsmeðferð matsnefndar. Umsækjendum er í lófa lagið að senda biskupi Íslands, sem fer með veitingarvaldið, kvörtun vegna málsmeðferðar matsnefndar. Væntanlega yrði tekið á slíkri kvörtun áður en skipun yrði afráðin.

Um 4. gr.

Í 3. og 4. mgr. 53. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 segir: *Sóknarnefndarmenn eru þrír í sóknum þar sem sóknarmenn eru færri en 300, en ella fimm, þó svo að þegar sóknarmenn eru 1.000 hið fæsta mega sóknarnefndarmenn vera sjö og nú ef sóknarmenn eru 4.000 eða fleiri, allt miðað við 1. desember næstliðinn. Fjölga skal sóknarnefndarmönnum, ef því er að skipta, á næsta aðalsafnaðarfundum þegar kjör sóknarnefndarmanna á fram að fara, eftir að þeir verða 1.000 eða 4.000 hið fæsta. Nú fækkar sóknarmönnum niður fyrir greind mörk og ákveður aðalsafnaðarfundur þá hvort fækka skuli sóknarnefndarmönnum.*

Kjósa skal a.m.k. jafnmarga varamenn og aðalmenn eru og taka þeir sæti í forföllum aðalmanna eftir þeirri röð sem þeir voru kosnir í.

Tillaga sú sem sett er fram í 4. gr. er að byggja kjörnefndarkerfið á þeim grunni sem lagður er í tilvitnaðri 53. gr.

Lagt er til að prestaköllum verði skipt í fimm flokka hvað varðar skipun kjörnefndar. Í fyrsta lagi eru prestaköll þar sem ein sókn myndar kallið með kjörnefnd sem skipuð er aðal- og varamönnum sóknarnefndar. Þessi tegund prestakalla er hinn almenna á höfuðborgarsvæðinu og á stærri þéttbýlisstöðum. Yfirleitt eru sóknarnefndir sjö manna þannig að kjörnefnd yrði 14 manns. Þykir því ekki þörf á því að gera ráð fyrir varamönnum þar sem fjöldi nefndarmanna, fulltrúa sóknarinnar, er svo mikill.

Í öðru lagi eru prestaköll þar sem fleiri en ein sókn myndar kallið. Getur verið um að ræða allt að 14 sóknir í sama prestakalli. Í prestaköllum þar sem fleiri en ein sókn er, er gert ráð fyrir að aðalmenn sóknarnefnda myndi kjörnefnd en varamenn aðalmannanna í sóknarnefndum kallsins taki sæti með sama hætti og í sóknarnefndinni sjálfri þ.e. í þeirri röð sem þeir voru kosnir til. Er eðlilegt að kveða á um varamenn í kjörnefnd í þessum tilvikum til að tryggja að allar sóknir eigi fulltrúa í kjörnefnd.

Í þriðja lagi er lagt til að mætt sé sérstökum aðstæðum í þremur prestaköllum, þ.e. Garða-, og Tjarnaprestaköllum í Kjalarnessprófastsdæmi og Selfossprestakalli, Suðurprófastsdæmi. Í Garðaprestakalli eru aðalmenn í sóknarnefnd sjö, en gætu verið níu. Í Tjarna- og Selfossprestaköllum eru aðalmenn fimm. Í þessum þremur prestaköllum eru einnig fámennari sóknir. Þykir rétt, til að gera vægi atkvæða jafnara, að setja inn þá sérreglu að fulltrúar stærstu sóknanna í prestaköllum sem svona hagar til í, eigi níu fulltrúa í kjörnefnd. Er því áskilnaður um að tiltekinn fjöldi varamanna í fjölmennustu sóknunum komi inn sem aðalmenn í kjörnefndina.

Í fjórða lagi er lagt til að sérstakar reglur gildi um fjölda fulltrúa sókna í kjörnefnd þar sem ein eða fleiri sókna í prestakalli hafa umtalsvert fleiri íbúa en aðrar. Reglan byggir í raun á sömu sjónarmiðum og reglan sem greinir í 3. t. 4. gr. tillagna þessara. Ljóst er að fjöldi kjörnefndarmanna getur verið nokkuð misjafn milli prestakalla eftir aðstæðum, þ.e. fjölda sókna í prestakalli og fjölda sóknarmanna í hverri sókn. Fjöldi sókna þar sem færri en 300

sóknarmenn búa er í dag er 195. Fjöldi sókna alls er 267. Er því ljóst að í prestaköllum þar sem margar sóknir eru þar sem færri en 300 sóknarmenn búa getur atkvæðavægi fámennra sókna orðið óeðlilega mikið miðað við mannfjölda. Er því lögð til sú sérregla að þar sem fjölmennari sóknir er að finna en 300 manna sé fulltrúi minnstu sóknanna einn í stað þriggja. Dæmi slíks prestakalls er Borgarprestakall, Vesturlandsprófastsdæmi. Í Borgarsókn eru 88,5% sóknarmanna prestakallsins. Í öðrum sóknum, fjórum talsins, eru samtals 11,5% sóknarmanna. Ljóst er að ef hin almenna regla ætti að gilda yrði Borgarsókn með fimm fulltrúa en hinar sóknirnar með 12. Tillagan gerir ráð fyrir að aðrar sóknir en Borgarsóknir verði með fjóra fulltrúa í kjörnefnd. Þannig er Borgarsókn með meirihluta í kjörnefndinni. Nokkur prestaköll eru þar sem svipaðar aðstæður eru uppi.

Í fimmta lagi er lagt til að þar sem margar fámennar sóknir eru í prestakalli skuli hver sókn eiga einn fulltrúa. Fjöldi í kjörnefnd í þeim prestaköllum verður því aldrei meiri en 12 manns. Þá er sömuleiðis lagt til að sóknir, sem geta ekki kosið löglega sóknarnefnd með varamönnum samkvæmt tilvitnuðu ákvæði laganna, fái ekki fulltrúa í kjörnefnd. Verður skoðað á vettvangi biskupafundar hvort leggja eigi til niðurlagningu þeirra sókna eða sameiningu við nærliggjandi sókn eða sóknir. Þá er sömuleiðis ljóst að framtíð mannfæstu prestakallanna verður athuguð eins og venja er til, einkum þegar starfslok verða og því ekki ljóst hvort á kjörnefndarfyrirkomulag þetta reynir þar fyrir en að aflokinni hugsanlegri breytingu með sameiningu við annað eða önnur prestaköll.

Með máli þessu er lagt fram yfirlit yfir öll prestaköll landsins, með núverandi kjörnefndum svo og hvernig kjörnefndir verða skipaðar nái tillögur þessar fram að ganga og er það mat biskups að kerfið nái í langflestum prestaköllum að uppfylla þau megin sjónarmið sem greind eru hér að framan í 5 liðum. Nokkur prestaköll kalla þó á nánari athugun.

1. Kjalarnessprófastsdæmi.

Reynivallaprestakall. Kjörnefnd er einungis skipuð sex fulltrúum og er það vegna þess að sóknarmenn í Reynivallasókn eru undir 300 manns. Biskup gerir ráð fyrir því að málið verði tekið upp og athugað ef fyrirséð verður að á kjörnefndarkerfið reynir. Ólíklegt er að mati biskups að kosið yrði eftir óbreyttu kerfi.

2. Vesturlandsprófastsdæmi.

Ólafsvíkur- og Ingjaldshólsprestakall. Sömu athugasemdir eiga við og um Reynivallaprestakall. Í Ingjaldshólssókn eru sóknarmenn undir 300 manns.

3. Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi.

Melstaðarprestakall. Kjörnefnd er nokkuð fjölmenn miðað við íbúafjölda prestakalls. Vísast til athugasemda við Reynivallaprestakall hér að framan.

Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi.

Laugalandsprestakall. Kjörnefnd er nokkuð fjölmenn miðað við íbúafjölda prestakalls. Að öðru leyti eiga sömu athugasemdir við og um Reynivallaprestakall.

Skútustaðaprestakall. Sömu athugasemdir eiga við og um Reynivallaprestakall.

Grenjaðarstaðarprestakall. Kjörnefnd er nokkuð fjölmenn miðað við íbúafjölda prestakalls. Vísast til athugasemda við Reynivallaprestakall hér að framan.

Austurlandsprófastsdæmi.

Hofsprestakall. Sömu athugasemdir eiga við og um Reynivallaprestakall.

Egilsstaðaprestakall hefur algera sérstöðu hvað varðar fjölda sókna og því verður kjörnefnd mjög fjölmenn. Biskup telur að rétt sé að kanna hvort unnt sé að ná sátt um einhverjar

sameiningar sókna á svæðinu, einkum á Héraði, enda hafa samgöngur batnað mjög og reynsla af umfangsmiklum sameiningum sókna t.d. í Dalvíkurprestakalli er góð.

Suðurprófastsdæmi.

Hveragerðisprestakall. Sömu athugasemdir eiga við og um Reynivallaprestakall.

Þorlákshafnarprestakall. Sömu athugasemdir eiga við og um Reynivallaprestakall.

Um 5. gr.

Tillaga sú að breyttu orðalagi er til samræmis við 1. gr. tillögu þessarar.

Um 6. gr.

Lagt er til að breytingatillögur þessar öðlist gildi 1. janúar 2017.

Ekki er gert ráð fyrir kostnaði við samþykkt tillögu þessarar.